

**Nr. 021 / 14 Fríða Dagmar ÍS 103****Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 2817 IMO nr.  
Smíðaður: Hafnarfirði 2012 plast  
Stærð: 14,98 bt.  
Mesta lengd: 12,63 m Skráð lengd: 10,48 m  
Breidd: 4,40 m Dýpt: 1,23 m  
Vél: Isuzu 377 kW 2012  
Fjöldi skipverja: 2

**Gögn:**  
Gögn RNS



Fríða Dagmar©Grétar Þór

Málið afgreitt á fundi 6. október 2014 af Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 18. mars 2014 var Fríða Dagmar ÍS 103 á siglingu til Hafnarfjarðar. Veður: Hæg breytileg átt.

Fríða Dagmar var að koma frá Bolungarvík en á síðari hluta siglingarinnar hafði aðvörunarkerfi vélarinnar gert viðvart um vatn í olíusíum og var þá skipt um þær. Þegar skammt var eftir að Valhúsarbauju fór vélin að missa verulega kraft þar sem vatnsskilja þrengdi fyrir streymi olíunnar. Skipstjóri stöðvaði vélin, óskaði eftir aðstoð og kom björgunarskipið Einar Sigurjónsson og dró Fríðu Dagmar til Hafnarfjarðar.

**Við rannsókn kom fram:**

- að í ljós kom að áfyllingastútur var ekki vel lokaður eftir olútöku og sjór hafði komist í olútankinn við þrif áður en lagt var í ferðina;
- að stúturinn var staðsettur í skýli á aðalþilfari.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.